

**238. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,  
þriðjudaginn 21. janúar 2025 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundið sátu:**

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Aníta Eir Einarsdóttir aðalmaður, Hildigunnur Árnadóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sólveig Sigurðardóttir deildarstjóri farsældarþjónustu barna.

**Fundargerð ritaði:** Hildigunnur Árnadóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Ylfa Örk Davíðsdóttir félagsráðgjafanemi sat fundinn.

**Fyrir tekið:**

**1. 2303217 - Brú hses - Skógarlundur 42, stofnframlag vegna íbúðakjarna 2023**

Sverrir H. Pálmarsson var boðaður fyrir ráðið til að upplýsa um stöðu uppbyggingar.

*Sverrir boðaði forföll á fundinn.*

*Velferðar- og mannréttindaráð lýsir yfir miklum vonbrigðum með þá stöðu sem uppi er í verkefninu og að ekkert hafi í raun staðist af þeim áætlunum sem verktakinn hefur kynnt á fyri fundum ráðsins. Ljóst þykir að þessi staða mun valda enn frekari töfum á nauðsynlegri húsnæðisuppbryggingu og þjónustu við fatlað fólk á Akranesi.*

**2. 2501123 - Framlag vegna samþættingar á þjónustu í þágu farsældar barna árið 2025**

Innviðaráðherra hefur undirritað reglugerð um úthlutun á framlagi til að mæta kostnaði sveitarfélaga vegna samþættingar á þjónustu í þágu farsældar barna á árinu 2025.

Framlag til Akraneskaupstaðar 2025 nemur 19.029.136 kr. og hefur verið fjármagninu verið skipt á milli velferðar- og mannréttindasviðs og mennta- og menningarsviðs.

*Lagt fram til kynningar.*

**3. 2501236 - Farsældarþjónusta barna - tölulegar upplýsingar fyrir 2024**

Tölulegar upplýsingar um þróun barnaverndar- og farsældarþjónustu barna 2024 og samanburður við fyrri ár.

*Velferðar- og mannréttindaráð þakkar deildarstjóra farsældarþjónustu barna, Sólveigu Sigurðardóttur fyrir fræðandi kynningu.*

*Málinu vísað til kynningar í bæjarráði.*

**4. 2407138 - Saman á skaga 2024**

Virkniverkefnið Saman á skaga hefur undanfarin ár verið starfrækt með fjármagni frá ríkinu fyrst um sinn og síðan Akraneskaupstað og verið unnið gegn verktakagreiðslum af nokkrum aðilum. Bókað var í Velferðar- og mannréttindaráði

árið 2023 að gera þyrti ráð fyrir fjármagni fyrir verkefnið á árinu 2024 í fjárhagsáætlun. Að sama skapi var óformlega rætt um að næstu ár yrðu með svipuðum hætti.

Í aðdraganda fjárhagsáætlunar 2025 var gert ráð fyrir fjármagni til að halda verkefninu áfram og beiðni þess efnis sett inn í fjárhagsáætlunargerð. Sú hækkun skilaði sér ekki inn á viðeigandi lykil.

Velferðar- og mannréttindaráð staðfestir að ekki fékkst fjármagn í verkefnið í fjárhagsáætlunargerð fyrir 2025. Ráðið leggur áherslu á að fristundastarfi fatlaðs fólks verði fundinn viðeigandi vettvangur innan bæjarfélagsins.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.**

Kristján H. Guðnason  
Auða Bir Þuríðsdóttir  
Eindi Brandsson  
Hilmar Þór Árngrímsson  
Silveig Sigurdardóttir